

Sveitarfélagið Álftanes
Pálmi Þ Másson,
bæjarstjóri
Bjarnastaðir
225 Bessastaðahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. október 2012
Tilvísun: UST20120700134/ksj

Skipulagslýsing - verkáætlun. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Álftaness 2005 - 2025

Vísað er til erindis VSÓ Ráðgjafar er barst 17. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu skipulagsverkefnis og verkáætlunar vegna breytinga á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Álftaness 2005 – 2004. Einnig hafa fulltrúar VSÓ Ráðgjafar kynnt breytingarnar fyrir fulltrúum Umhverfisstofnunar á fundi 14. september sl.

Breytingar þær sem ráðgerðar eru á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Álftaness og skipulagslýsingin nær yfir eru 4 talsins.

1. Kirkjubrú. Breytingin felur í sér að afmörkun íbúðabyggðar við Kirkjubrú er stækkuð til suðurs um 0,76 ha. Landnotkun breytist úr óbyggðu svæði í íbúðarbyggð. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytinguna.
2. Sveinskot. Breytingin felur í sér að íbúðarsvæðisreitur stækkar um 0,1 ha, en reiturinn var afmarkaður ónákvæmt í núverandi aðalskipulagi. Stækkunin hefur ekki áhrif á íbúafjölda eða nýtingu svæðisins. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytinguna.
3. Fráveita. Sveitarfélagið hefur horfið frá áætlunum um að meginútrás verði við Breiðabólstaðamýri og verður meginútrás nú staðsett við Hrakhólma. Í breytingunni verður gerð grein fyrir staðsetningu hreinsivirkis og hún skilgreind á aðalskipulagsupprætti. Fram kemur að gert er ráð fyrir að hreinsivirki verði ekki staðsett innan friðlýsta svæðisins við Kasthúsatjörn.
4. Hvoll. Skilgreint er athafnasvæði í stað óbyggðs svæðis. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Náttúruminjar

Svæðið þar sem meginútrás Álftaness liggur frá landi og í sjó fram er innan friðlýsts svæðis sem nær yfir hluta Kasthústjarnar og aðliggjandi fjöru á Álftanesi. Markmið friðlýsingar Kasthústjarnar og umhverfis hennar sem friðlands er að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki, en tjörnin er strandtjörn, grunn og lífrík. Fram kom á kynningu VSÓ Ráðgjafar að nýframkvæmdir verði ekki inni á friðlýsta svæðinu. Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að mannvirkjagerð og breytingar á landi á friðlýsta svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Svæðið við Hrakhólma þar sem meginútrás Sveitarfélagsins Álftaness er áætluð er á náttúruminjasrá og er svæðið nr. 117.

Einnig eru Hrakhólmar og strandlengjan frá sveitarfélagamörkum að Garðabæ við Oddakot norður að smábátahöfn á Breiðabólstaðaeyri skilgreindir sem hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi og skuli stefnt að friðun svæða sem fólkvangur.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við allar framkvæmdir í nágrenni friðlýsta svæðisins Kasthúsatjörn og fjöru, verði þess gætt að raska ekki umhverfi að óþörfu og að lífríkið sem þar fyrirfinnst verði ekki fyrir raski.

Fráveita og skólp


Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp koma fram tímasettar kröfur um hreinsun skólps frá þéttbýli og skulu fráveitur á Álftanesi uppfylla þau mörk er þar koma fram. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í áætlunum um uppbyggingu á fráveitu á Álftanesi verði sett fram tímasett mörk um uppbygginguna

Umhverfisstofnun bendir á að meginmarkmið Vatnalaga nr. 36/2011 er að ástand alls vatns verði gott eða mjög gott. Til vatns tilheyrir auk alls ferskvatns bæði strandsjór og sjávarlón. Til þess að það markmið náist að allt vatn verði gott eða mjög gott, má mengun ekki vera meiri en svo að vatnið (strandsjór, sjávarlón) flokkist í 1. eða 2. flokk samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnið má alls ekki fara í flokk neðar en 2. flokk.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur